

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2024
UST202411-018/A.B.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn - Ný brú á Skjálfandafljót hjá Fosshóli

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Í erindinu kemur fram að fyrirhugað er að byggja nýja 84 m langa og tvíbreiða brú yfir Skjálfandafljót á Hringvegi (1) við Fosshól, við hlið núverandi brúar, eða um 35 m neðan hennar þar sem áin fellur í gljúfri, auk vega sem tengja nýja brú við núverandi vegakerfi. Nýr og endurbyggður vegur og brú verða samtals um 1,5 km löng. Ný brú verður tengd núverandi vegakerfi með um 0,8 km löngum vegi vestan Skjálfandafljóts og um 0,6 km löngum vegi austan Fljótsins. Í tengslum við framkvæmdina þarf að laga tengingu að endurvarpsstöð, leggja nýja tengingu að bílastæði við Goðafoss að vestanverðu, leggja nýja tengingu að Bárðardalsvegi eystri (844) og nýja tengingu að Fljótsbakkavegi (8731). Áætluð efnisþörf nýs vegar er tæplega 73 þúsund m³ og er efnistaka fyrirhuguð úr skeringum nýs vegsvæðis, núverandi vegum og tveimur námum.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þá umhverfisþætti sem skoðaðir eru í matinu.

Goðafoss - áhrif og leyfisveitingar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í matskyldufyrirspurnum, sé fjallað um markmið friðlýsingar þeirra friðlýstra svæða sem á við hverju sinni og því metið hvort framkvæmdin hafi áhrif á verndargildi svæðisins og gangi geng markmiðum friðlýsingar.

Auk þess vill Umhverfisstofnun benda á að unnin hefur verið stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Goðafoss sem hægt hefði verið að nýta við gerð matskyldufyrirspurnar.¹

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/godafoss-i-thingeyjarsveit/stjornunar-og-verndaraetlun/>

Umhverfisstofnun bendir á að meginmarkmið með friðlýsingu Goðafoss er að vernda sérstæðar náttúruminjar, breytileika jarðmyndana og fossinn sjálfan, m.a. með því að viðhalda náttúrulegu vatnsrennsli í fossinn, vegna fegurðar og sérkenna og útivistargildis svæðisins.²

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin mun hafa óverulega áhrif á verndargildi náttúruvættisins.

Varðandi umfjöllun í kafla 1.8 bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 12. gr. friðlýsingar fyrir náttúruvættið Goðafoss segir að allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi og innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Þingeyjarsveitar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010, landeigenda og Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Landnýting skal vera sjálfbær. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun.³

Með leyfisumsókn þurfa að fylgja teikningar af veginum innan náttúruvættisins, lýsing á framkvæmd innan svæðisins og mat skipulagstofnunar á hvort framkvæmd sé háð mati á Umhverfisáhrifum.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið innan svæðisins nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal

² <https://ust.is/library/sida/Nattura/Augl%3%bdsing%20%3%ad%20Stj%3%b3rnart%3%ad%3%b0.pdf>

³ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/godafoss-i-thingeyjarsveit/>

mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Vatnshlot

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vel verði staðið að framkvæmdinni, hugaði verði að mengunarvörnum svo t.d. olía berist ekki í ána. Einnig þarf að huga að vatnsformfræði árinna, s.s. þveranir og rennsli.

Samráð

Í greinargerð segir að haft verður samráð við Umhverfisstofnun, um efnistöku, uppgræðslu og frágang á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að haft verði samráð við stofnunina á framkvæmdartíma varðandi framkvæmdir innan og við friðlýsta svæðið, varðandi umferð gesta o.s.frv.

Umferðaöryggi

Umhverfisstofnun bendir á að mikill fjöldi gesta heimsækja Goðafoss á hverju ári og hefur sá fjöldi aukist ár frá ári. Því er mikilvægt að tryggja öryggi gesta sem fara um svæðið akandi, gangandi og ríðandi.

Umhverfisstofnun leggur því ríka áherslu á að umferðarhraði sé dregin niður á svæðinu og /eða að settar verði sér akreinar til að beygja inn á bílastæði að vestan og austan Goðafoss til að tryggja öryggi og auka upplifun gesta og annarra sem fara um svæðið.

Niðurstaða

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri